

Fundur 3. mars 2008

Fundur haldinn í skipulags- bygginga- og hafnarnefnd Reykhólahrepps

mánudaginn 3. mars 2008 kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 A, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Bogi Kristinsson, Eiríkur Kristjánsson, Guðmundur Ólafsson, Sveinn Ragnarsson, Egill Sigurgeirsson og Óskar Steingrímsson, fundarritari.

Sveinn setti fund og bauð menn velkomna.

Til afgeiðslu:

1. Umsókn dags. 7.feb.2008 frá Sveini Borgari Jóhannessyni um byggingarleyfi fyrir sumarhúsi á Hyrningsstöðum, lóð nr. 9. Erindið samþykkt.
2. Beiðni frá Guðbirni J. Guðjónssyni um stöðuleyfi fyrir færanlegu braggahúsi á jörðinni Litlu-Brekku. Stöðuleyfi samþykkt til 1. janúar 2009 með skilyrði um að frágangur verið þannig að ekki stafi fokhætta af.
3. Bréf dags. 21. feb. 2008 frá Landmælingu Íslands um CORINE-landnýtingarflokkun með ósk um yfirferð á flokkun og leiðréttingar ef einhverjar. Flokkunin yfirfarin og leiðrétt eftir þörfum.

Til kynningar:

1. Bréf dags. 21. janúar 2008 frá Hafnasambandi Íslands með afriti af bréfi Siglingastofnunar dags. 12. des. 2007 til Hafnasambandsins. Efni: Skoðun og úttekt Eftirlitsstofnunar EFTA á vettvangi siglingaverndar. Lagt fram til kynningar.

Önnur mál.

1. Umsókn frá Hólakaupum ehf um stöðuleyfi fyrir skúr austan við Hellisbraut 72. Samþykkt að veita stöðuleyfi til eins árs.
2. Bréf dags. 27. feb.2008 frá Vatnsveitu Flateyjar með beiðni um viðbætur við vatnsveituna í Flatey. Nefndin tekur jákvætt í erindið og mun óska eftir umsögn Umhverfisstofnunar og Minjavarðar Vestfjarða. Óskað er eftir nánari byggingalýsingu á húsi yfir vatnstankinn.
3. Bréf dags. 31. jan. 2008 frá Siglingastofnun um fjögurra ára samgönguáætlun 2009-2012. Nefndin leggur til að hafnarstjórn haldi sig við fyrri áætlanir um hafnarbætur á Reykhólum.
4. Sveinn fór yfir helstu mál sem rædd voru á undirbúningsfundi, sem hann sótti, á vegum Fjórðungssambandsins um svæðisskipulag á Vestfjörðum. Þar var ákveðið

að senda út formlegt erindi til allra sveitarstjórna á Vestfjörðum með beiðni um ákvörðun um hvort þau vilja taka þátt í verkefninu.

5. Umsókn dags. 3. mars 2008 frá Snæbirni Jónssyni um leyfi til að byggja gestahús í Krossnesi (landnr. 212605) í Reykhólahreppi. Samþykkt með fyrirvara um að skilað verði inn til byggingafulltrúa fullunnum bygginganefndarteikningum.
6. Bréf dags. 28. feb. 2008 frá Baldri Ragnarssyni með beiðni um leyfi til byggingar, upp af gamalli lendingu við Miðpoll, 30 m² geymsluhús úr timbri með fiskhjalli í endanum. Afgreiðslu frestað þar sem til stendur að fara í deiliskipulagsvinnu í Flatey í framhaldi af aðalskipulagi.
7. Tillöguteikningar af fyrirhuguðu húsi fyrir Bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 17.50.

Sveinn Ragnarsson (sign)
Eiríkur Kristjánsson (sign)
Egill Sigurgeirsson (sign)
Bogi Kristinsson (sign)
Óskar Steingrímsson (sign)
Guðmundur Ólafsson (sign)